

Ár 2009, föstudaginn 3. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör tollstjóra

### I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst bréf frá tollstjóra, dagsett 16. desember 2008, þar sem hann óskaði eftir að kjararáð ákvæði launakjör fyrir embætti tollstjóra sem tæki til starfa 1. janúar 2009. Með lögum, sem nýlega hefðu verið samþykkt á Alþingi um breytingu á tollalögum nr. 88/2005, hefði tollumdæmum og tollembættum verið fækkað úr átta í eitt, það er að landið hefði verið gert að einu umdæmi sem stjórnað væri af einu embætti tollstjóra. Þessi lagabreyting hefði í för með sér að heiti embættis tollstjórans í Reykjavík breyttist í embætti tollstjóra. Við breytinguna mundi starfsmönnum fjölga um rúmlega 60 og sjö starfstöðvar bættust við. Starfsmenn embættisins yrðu um 250 og fjárveitingar til þess árið 2009 yrðu um 2 milljarðar króna. Í bréfinu sagði hann enn fremur hver væru verkefni embættisins samkvæmt lögumum. Auk þess færi embættið líka með umfangsmikil verkefni sem innheimtumaður ríkissjóðs. Embættið innheimti yfir 60% af öllum skatttekjum ríkissjóðs auk þess að sjá um samræmingu á innheimtu opinberra gjalda á landsvísu. Ekki væri hægt að horfa framhjá því að embættinu væri falið að berjast gegn glæpahópum sem stunduðu með skipulögðum hætti ólöglega starfsemi. Launakjör fyrir þetta starf ættu að vera a.m.k. sambærileg við laun ríkislögreglustjóra, ef ekki hærri. Þá ætti tollstjóri að fá greidd innheimtulaun í samræmi við reglur kjararáðs þar um.

### II.

Kjararáð ritaði fjármálaráðuneytinu bréf hinn 14. janúar 2009 þar sem ráðuneytinu var meðal annars gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum um launakjör tollstjóra. Í svari ráðuneytisins dagsettu 22. janúar 2009 sagði að embætti tollstjóra yrði töluvert umfangsmeira en embætti tollstjórans í Reykjavík hefði verið áður og teldi ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfði til þess auk annarra viðmiðana við ákvörðun á launakjörum hans.

### III.

Tollstjóri starfar samkvæmt tollalögum nr. 88/2005. Með lögum nr. 147/2008 var tollalögum breytt og landið gert að einu tollumdæmi. Embætti tollstjórans í Reykjavík var falið að annast tollframkvæmd í landinu öllu, þó þannig að hann getur falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast tiltekna þætti tollframkvæmdar í umdæmum þeirra. Markmið breytinganna var að einfalda skipulag tollgæslunnar. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 147/2008 segir að fyrir breytingar sem samþykktar hefðu verið árið 2007 hefðu tollstjórar verið 26 í jafnmörgum tollumdæmum. Frá árinu 2007 hefðu tollstjórar á landinu verið átta og hefði tollstjórinn í Reykjavík heyrð undir fjármálaráðuneytið en aðrir tollstjórar sem jafnframt væru lögreglustjórar heyrðu undir dómsmálaráðuneytið. Í 11. gr. breytingarlaganna, sem varð að 42. gr. tollalaga nr. 88/2005 segir að tollstjóri geti með samþykki fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra samið við sýslumenn og lögreglustjóra um að þeir annist í umboði hans tiltekna þætti tollframkvæmdar í stjórnsýsluumdæmi sínu.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um fyrrnefnt lagafrumvarp segir meðal annars að það miði að því að auka hagræði og einfalda rekstrarfyrirkomulag og sé ekki tilefni til þess að ætla að það hafi umtalsverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Í 40. gr. tollalaga er fjallað um hlutverk tollstjóra. Hann skal meðal annars annast tollframkvæmd; leggja á og innheimta tolla og aðra skatta og gjöld sem greiða ber við tollafgreiðslu; hafa eftirlit með inn-, um- og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu; aðstoða fjármálaráðherra við tollamálefni; vinna að hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar; vinna með öðrum stjórnvöldum og stofnunum sem tengjast starfsviði hans; reka tölvukerfi; sinna greiningarstarfi við áhættustjórnun við tolleftirlit; reka Tollskóla ríkisins; afla upplýsinga um milliríkjavíðskipti til hagskýrslugerðar auk annarra verkefna sem honum eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Fjármálaráðherra skipar tollstjóra til fimm ára og skal hann fullnægja sömu hæfiskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti.

Breytingin tók gildi 1. janúar 2009.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laga um kjararáð segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eins og fram hefur komið var landið gert að einu tollumdæmi 1. janúar 2009 og fækkaði tollumdæmum úr átta í eitt. Með lagabreytingunni breyttist heiti embættis tollstjórans í Reykjavík í embætti tollstjóra. Kjararáð hefur nýlega tekið ákvörðun um lækkun launa embættismanna í samræmi við lög nr. 148/2008. Þá var ákveðið að launalækkun innheimtumanna ríkissjóðs, þ.e. sýslumanna og tollstjórans í Reykjavík kæmi fyrst og fremst fram í lækkun innheimtulauna auk lækkunar einingaverðs. Við ákvörðun launa tollstjóra hefur kjararáð gengið út frá launum tollstjórans í Reykjavík, en tekið tillit til aukins umfangs embættisins. Við ákvörðun fastra launa tollstjóra var meðal annars litið til launa ríkisskattstjóra og ríkislögreglustjóra. Tekið er tillit til þeirrar almennu lækkunar launa þeirra sem undir kjararáð heyrir sem áður greinir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun tollstjóra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2009 skulu mánaðarlaun tollstjóra vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú krónur 753.974. Að auki skal greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126 nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Þá skal greiða tollstjóra innheimtulaun í formi yfirvinnu og reiknast yfirvinnutímafjöldi á sama hátt og innheimtulaun sýslumanna. Frá þeim tímafjölda skal draga 15,4 tíma.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör tollstjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir